



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is  
www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Alþingi - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. mars 2021  
M/202103-0061/6.00/ K.H.S.

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um viðhald og varðveislu gamalla báta,  
þingskjal 228 – 226.**

Allsherjar- og menntamálanefnd hefur óskað umsagnar Minjastofnunar Íslands um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Minjastofnun fagnar tillögu um að stofnaður verði sjóður sem hafi það hlutverk að halda við og varðveita gömul skip og báta. Minjastofnun vill vekja athygli nefndarinnar á nauðsyn þess að veita fjármagni til annarra samgöngutækja eins og bifreiða, en slíkum minjum er ekki tryggt nægilegt fjármagn frekar en bátum og skipum eða fornleifum.

Minjastofnun vekur athygli á að auk Þjóðminjasafnsins, sem nefnt er sérstaklega í þingsályktunartillögunni, þá fæst Minjastofnun einnig við málefni skipa og báta af vanmætti vegna fjáskorts, eins og safnið. Minjastofnun Íslands er ætlað samkvæmt lögum að friðlýsa báta og skip sem hafa menningarsögulegt gildi (18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012). Það er stofnuninni ætlað án þess að veitt sé fjármagni til friðlýsingavinnunnar frekar en annarra friðlýsinga Minjastofnunar. Minjastofnun gegnir ennfremur hlutverki við varðveislu báta- og skipa með styrkveitingum í gegnum fornminjasjóð. Fornminjasjóður er fjárvana sjóður með alltof umfangsmikið hlutverk miðað við það fjármagn sem fjárveitingavaldið setur í sjóðinn. Fornminjasjóður veitir styrki til rannsókna á fornminjum, þar á meðal til fornleifauppgrafa um allt land, fornleifaskráningar, miðlunar upplýsinga um þær og til varðveislu og viðhalds á fornminjum. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja viðhald annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi, t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi, svo sem skipa, báta og annarra samgöngutækja ( 42. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012).

Í þingsályktunartillögunni er nefnt að nauðsynlegt sé að koma upp varðveislukerfi fyrir báta og skip, sambærilegu því sem viðhaft er hjá húsafriðunarsjóði við mat mannvirkja. Vakinn er athygli á að slíku kerfi er þegar beitt við mat umsókna í fornminjasjóð. Vandamálið er ekki kerfi heldur fjármagn. Þrátt fyrir að sjóðurinn styrki á hverju ári verkefni sem beinast að varðveislu báta þá er það gert af miklum vanmætti vegna þess hve fornminjasjóður fær lítinn stuðning frá fjárveitingavaldinu. Sjóður upp á rúmar 40 milljónir á ári, eins og fornminjasjóður, dugar skammt til alls þess sem honum er ætlað samkvæmt lögnum.

Minjastofnun hvetur til að fjármagn til báta- og skipa komi gegnum fornminjasjóð, sem verði eflur verulega, þannig að hægt verði að styrkja fornleifarannsóknir á Íslandi og viðhald báta- og skipa og annarra samgöngutækja verulega og svo sómi sé af.

Virðingarfyllt,

Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands